

7. AÐALFUNDUR FÉLAGS FRAMHALDSSKÓLAKENNARA 26. - 27. apríl 2018

ÁLYKTUN UM STÖRF FRAMHALDSSKÓLAKENNARA

Starf framhaldsskólakennarans hefur undanfarin ár einkennst af óvenjulega örur og gagngerum breytingum. Haustið 2014 tók þáverandi menntamálaráðherra einhliða ákvörðun um styttingu náms í framhaldsskólum. Ákvörðun hans fylgdu miklar breytingar á starfi framhaldsskólakennara og álag jókst til muna. Þá var ekki staðið við loforð til framhaldskólanna um að þeir héldu þeim fjárhagslega ávinningi sem skapaðist af styttingunni og langvarandi fjársveldi þeirra er staðreynd. Félag framhaldsskólakennara hvetur mennta- og menningarmálaráðherra til að standa við þá stórsókn sem boðuð er í menntamálum.

Mikið vantar upp á hér á landi að kennarastarfið sé metið að verðleikum en samtímis greina viðhorfsskannanir frá mikilvægi menntunar og menntakerfisins fyrir framtíð einstaklinga og samfélags. Bæta þarf úr þessum málum ef vel menntað og metnaðarfullt fólk á að fást áfram til starfa í framhaldsskólum. Við aðstæður sem þessar er mikilvægt að skapa kennarastarfinu þann sess sem því ber, gera það samkeppnishæft á vinnumarkaði og bæta laun og starfsskilyrði.

Aðalfundur FF undirstrikar að framhaldsskólakennarar þurfa að hafa góðar og hvetjandi aðstæður og stuðning í starfi alla starfsævina til að viðhalda þekkingu og uppfæra í samræmi við samfélags- og tæknibreytingar, nýjar hugmyndir og áherslur um menntun og skólastarf. Stöðug og fjölbætt menntun og starfsþróun er forsenda skólaþróunar og þróunar menntakerfisins. Til þess að svo megi verða er nauðsynlegt að tryggja framhaldsskólakennurum rými í starfi til menntunar og starfsþróunar jafnt á starfstíma skóla sem utan hans.

Nauðsynlegt er að auka leiðsögn og stuðning við nýliða í stétt framhaldsskólakennara og tryggja að slík leiðsögn verði hluti af störfum þeirra í upphafi. Einnig þarf að tryggja skólum fjármuni og markvissan stuðning til að skipuleggja leiðsögnina.

Auka þarf rannsóknir á starfi framhaldsskóla og ýta undir og liðka fyrir þátttöku kennara. Þessar rannsóknir ættu að snúa að daglegu starfi framhaldsskólakennara og skólaþróun í víðum skilningi. Það er undirstaða þess að þeir geti fylgst með í starfi. Þá þarf að efla möguleika og auka svigrúm félagsmanna FF til þess að stunda rannsóknir samhliða störfum sínum í skólunum.

Aðalfundur FF leggur áherslu á að kennurum sé áfram treyst fyrir faglegum þætti kennslunnar og skipulagi en þeim jafnframt tryggður aðgangur að sérfræðipjónustu, ráðgjöf og handleiðslu. Í framhaldsskólum landsins býr mikill mannaúður og skipta aðstæður sem starfsfólki eru búna miklu um framtíð menntakerfisins og samfélagsins.